

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. september 2023

Efni: Umsögn um mál nr. 157/2023 - Áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla (vinnustaðanám, innritun o.fl.)

Skólameistarafélag Íslands tekur undir að töluverðar breytingar hafa orðið í ytra umhverfi framhaldsskólanna síðan lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008, tóku gildi í ágúst 2008. Við lýsum yfir ánægju með að gera eigi breytingar á nokkrum ákvæðum laganna sem hafa það að markmiði að aðlaga þau að breytingum á framhaldsskólum. Við leggjum því ríka áherslu á að Skólameistarafélag Íslands og skólameistarar framhaldsskólanna verði með í ráðum varðandi útfærslur á lagagreinum.

Að lokum viljum við nefna að innleiðing laga felur yfirleitt í sér tímabundið álag og kostnað á stofnanir og við óskum hér með eftir góðu svigrúmi og tíma fyrir innleiðinguna.

Virðingarfyllt,
Helga Kristín Kolbeins
formaður Skólameistarafélags Íslands